

Nd.

275. Tillaga

til þingsályktunar um landsverslunina.

Frá bjargráðanefnd.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að koma á þeirri meginreglu i landsversluninni, að kaupmenn og kaupfjelög hafi á hendi afhending og útsölu á vörum hennar.
2. Að sjá landinu fyrir nægilegum lánnum til rekstrar landsverslunarinnar og til annara þarfa landsins, með sem hagkvæmustum vaxtakjörum og nægum greiðslufresti.